

sköpun heimsins. En þá er fyrst að koma fram hinum nauðsynlegustu umbótum á þessum hnetti, sem er heimkynni vort, og þarf að hætta og getur hætt að vera heimkynni hörmunganna.

6. mars 1946.

17. *Reginfirru mótmælt*

I

Ekki má því ómótmælt vera, sem skálðið Gretar Fells segir í kvæði í Alþýdublaðinu í dag (3. okt.), í tilefni 25 ára afmælis guðspekifélagsins hér, að þau fræði séu „andleg gifta íslensku þjóðarinnar“. Er það ekki unnt að skilja á aðra leið en þá, að velfarnaður íslensku þjóðarinnar í andlegum efnum sé undir því kominn, að hún aðhyllist fræði þau, sem nefnd eru guðspeki. Aðalatriði þeirrar kenningar, samkvæmt svo ágætri heimild sem hin mikla breska alfræði (Encyclopædia Britannica) ætti að mega teljast, er á þá leið, að réttlæti tilverunnar sé í því fólgíð, að maðurinn fæðist aftur og aftur á þessari jörð, eða endurholdgist, svo að ég noti það heimskyrði (reincarnation). En sú trú er réttnefnd reginfirra, og hefi ég í bók minni Ennýála sýnt, svo að ekki verður um villst, á hverskonar misskilningi hún er byggð. Yfirleitt virðist óhætt að segja, að hin svonefnda guðspeki sé, í aðalatriðum, misskilningur á ýmsu því, sem heyrir undir þau vínsindi er nefna mætti lífmagnsfræði (Biodynamik), og stjörnu- eða alheimslíffræði (Astrobiologi eða Kosmobiologi), og þar sem Íslendingar verða að koma við sögu á annan hátt en þann, að taka upp einhverjar austrænar firur. Því að það er einmitt verulegur þáttur í mannkynshlutverki íslensku þjóðarinnar, að greiða fyrir því, að vaxið sé andlega framyfir dulrænustigið. Eða með öðrum orðum, að tendrað verði ljós þekkingarinnar, þar sem áður var rökkur og boka ýmiskonar hjátrúar og dulrænu. Skemmtileg bending um þetta, sem tæpast verður misskilin, er það, að um eitt leyti var andlegt frelsi hér á landi mun meira en annarsstaðar í Norðurálfunni. Og ef svo hefði ekki verið, þá væri engin Edda til og engin Heimskringla. Og það er býsna eftirtektar-

vert, að þegar því frelsi lýkur, með hinum fullkomna sigri kaþólsku kirkjunnar, um aldamótin 1300, þá er eins og ísaþoka leggist yfir hið andlega líf þjóðarinnar, og hinn svo aðdáanlegi frumleiki, sem lýsir sér í snilldarverkum fornþókmennata vorra, kulnar út. Þetta andlega frelsi, þennan frumleika, þarf að endurreisa. Og betur en það. Því að vér eru um ekki á réttri framfaraleið, fyrr en það, sem vel var gert áður, og best, getur verið oss hjálp til að gera ennþá betur.

II

Það er svo oft verið að hamra á því, að íslenska þjóðin sé svo lítil, að ekki komi til mála, að héðan geti komið neitt það, sem mannkynsbýðingu hafi. Geta má þess, til að andæfa slíku vantrausti, að Avebury lávarður, einn sá vitrasti maður, sem ég hefi kynnst, sagði í viðtali við mig (án þess að ég hefði þar vakið máls á), að Heimskringla Snorra væri eitt af snilldarverkum heimsbókmennntanna. Það gæti líka orðið til að styrkja íslenskt sjálfstraust, að minnast þess, að frægasti listamaður og frægasti læknir Norðurlanda, voru báðir íslenskir að annarri ætt. Og ég hygg, að fáir muni rekja þetta atgervi þeirra, sem mannkynsbýðingu fékk, til þess, að ættin var ekki alíslensk. Aðrar ástæður, sem svo eru augljósar, að ekki þarf að nefna þær, munu flestum virðast miklu líklegri.

Það, sem segja má með vissu, er þetta, að komi eitthvað það frá íslensku þjóðinni, sem stuðlað geti að frama alls mannkyns, þá verður það á andlega sviðinu. Og eins, að ef vér endurheimtum ekki, og betur en það, hið andlega sjálfstæði, þá getur sjálfræði um stjórnarfar ekki orðið þjóðinni að fullum notum. Og meir en það. Ef ekki kemur í ljós, að hin örsmáa íslenska þjóð hafi þó þýðingu fyrir allt mannkyn, þá munu Íslendingar ekki einungis eiga sér skamma sögu sem sjálfstæð þjóð, heldur mun, innan skamms, íslenskt þjóðerni, með öllu undir lok líða.